

VI. KAFLI
Ýmis ákvæði.

119
10. sept.

28. gr.

Um skaðabótaskyldu fyrir skemmdir á höfninni, mannvirkjum hennar eða áhöldum, fer eftir almennum reglum. Ef samningum verður ekki við komið um skaðabætur fyrir skemmdir á höfninni, mannvirkjum hennar eða áhöldum, skulu þær ákveðnar af þremur óvilhöllum, dómkvöddum mönnum. Hvorum aðila fyrir sig er heimilt að krefjast yfirmats, en gera skal það, áður en einn mánuður er liðinn frá því að matsgerð er lokið. Yfirmat skal framkvæmt af fimm dómkvöddum mönnum. Kostnaður við yfirmat greiðist af þeim, er þess krafðist, ef matsupphæðinni verður ekki breytt honum í vil, svo nema 10% af hinni ákveðnu skaðabótaupphæð. Að öðrum kosti greiðir hinn aðilinn kostnað við yfirmatið.

29. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum allt að kr. 10000.00, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt lögum. Sektirnar renna í hafnarsjóð Bolungavíkur.

30. gr.

Mál út af brotum á reglugerð þessari skal fara með að hætti opinberra mála.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um hafnargerðir og lend-ingarbætur, nr. 29 23. apríl 1946, til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt fellur úr gildi hafnarreglugerð fyrir Bolungavíkarkauptún, nr. 96 2. júlí 1941, ásamt síðari breytingum.

Samgöngumálaráðuneytið, 10. september 1959.

Emil Jónsson.

Brynjólfur Ingólfsson.

HAFNARREGLUGERÐ

120

fyrir Grímsey.

14. sept.

I. KAFLI
Takmörk hafnarinnar.

1. gr.

Grímseyjarhöfn takmarkast að norðan af línu, sem hugsast dregin í réttvis-andi vestur frá Hrauntanga, 1000 metra frá landi en að sunnan af samsíða, jafn-langri línu úr Borgarhöfða. Að vestan takmarkast hafnarsvæðið af línu, sem hugsast dregin milli vesturenda þessara lína.

II. KAFLI
Stjórn hafnarinnar.

2. gr.

Hreppsnefnd Grímseyjarhrepps hefur á hendi stjórn hafnarmálanna undir yfir-stjórn samgöngumálaráðuneytisins.